

**Nd.**

## **176. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftskoytataeki á botnvörpuskipum og eftirlit með loftskoytanotkun íslenzkra veiðiskipa (þskj. 16).

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndarmenn hafa eigi orðið samferða um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. (JJós og GÍ) telur frv. óþarft og heldur því meðal annars fram gegn frv., að í lögum nr. 82 1917 og reglugerð út af þeim, nr. 32 1918, sé nægileg stoð fyrir nauðsynlegt eftirlit með notkun loftskoyta.

Að visu var á þeim ástæðum byggt í rökstuddri dagskrá, sem felldi þetta mál frá umræðum 1930, en á þá dagskrá verður að lita eins og þingleg mistök, enda samþykkt hennar á tilviljun byggð.

Lög nr. 82 frá 1917 og reglugerð eftir þeim frá 1918 lúta að leyfisveitingum til loftskoytanotkunar og skilyrðum fyrir þeim leyfisveitingum. Ákvæði þeirra laga og reglugerðar geta því eigi, nema óbeint, náð til eftirlits með loftskoytanotkun, sem fram fer í saknæmum eða hrekkvislegum tilgangi. Þvílík misnotkun loftskoyta var lítt þekkt 1917.

Frv. er róttækasta tilraunin, sem gerð hefir verið til að afstýra þeirri misnotkun loftskoyta í sambandi við ólöglegar landhelgiveiðar, sem óneitanlega hefir torvelað mjög gæzlu og friðun landhelginnar undanfarið. Er engum blöðum um það að fletta, að strangt eftirlit með skoytanotkuninni og þung viðurlög við misnotkun þeirra er eina tiltæka ráðið til að draga úr landhelgibrotum og verja til nokkurrar hlítar landhelgisvæðið.

Um einstök ákvæði frv., svo sem viðurlög og refsingarákvæði 5. og 6. gr., geta skoðanir eðlilega skiptar verið, og vér, sem undirritum álit þetta, teljum rétt að breyta þeim ákvæðum til meira samræmis við gildandi lög um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sem og að einskorða frammar en frv. gerir eftirlit með loftskoytanotkun þeirra, sem sterkur grunur hefir fallið á um misnotkun skoytanna eða sannir hafa orðið að sök.

Þá viljum vér einnig færa til réttara máls í 4., 5. og 6. gr. orðið „landhelgisbrot“, sem að visu hefir náð nokkurri festu í daglegu tali, en hlýðir eigi málslögum réttum.

Eftir framansögðu leggjum vér til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málslið komi: og að minnsta kosti einn fullfæran loftskoytamann.
2. Við 4. gr. Fyrir „landhelgisbrotum“ í 2. málsgr. komi: landhelgibrotum.
3. Við 5. gr.
  - a. Fyrir „3—15 þús. kr.“ í 1. málsgr. komi: 1—10 þús. kr.
  - b. Fyrir „landhelgisbrot“ í 1. málsgr. komi landhelgibrot.

- c. Fyrir „missa rétt til skipstjórnar í 1 ár“ komi: sæta allt að 5000 kr. sektum.
- d. Fyrir „500—10000 kr.“ í 2. málgr. komi: 300—5000 kr.
- 4. Við 6. gr.
  - a. Fyrir „landhelgisbrot“ í 1. málshð komi: landhelgibrot.
  - b. Á eftir „skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli“ komi: um allt að 3 árum.

Alþingi, 12. marz 1932.

Sveinn Ólafsson,  
form., frsm.

Bergur Jónsson.

Bjarni Ásgeirsson.